

## REGLUGERÐ

### um skömmtun á kaffibæti.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

#### 1. gr.

Bannað er að selja kaffibæti, nema gegn sérstökum seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar eða sérstökum innkaupsleyfum frá skömmtunarskrifstofu ríkisins.

#### 2. gr.

Hverjum manni, sem náð hefur 12 ára aldri þegar reglugerð þessi öðlast gildi, skal afhentur skömmtunarseðill fyrir 250 gr. af kaffibæti.

Nánari reglur um fyrirkomulag úthlutunarinnar setur skömmtunarskrifstofa ríkisins.

#### 3. gr.

Kaffibætisverksmiðjur mega ekki láta af hendi kaffibæti til smásöluverzlana eða annarra, nema gegn innkaupsleyfum, sem út eru gefin af skömmtunarskrifstofu ríkisins og er jafnframt óheimilt að láta af hendi hráefni til kaffibætisgerðar. Þær skulu og gefa skömmtunarskrifstofunni hvenær sem krafizt er hvers konar skýrslur um framleiðslu, birgðir og sölu sína af þessari vöru og hráefni í hana.

#### 4. gr.

Smásöluverzlanir skulu senda skömmtunarskrifstofu ríkisins, svo oft sem hún telur þess þörf, skýrslur um innkaup, sölu og birgðir af kaffibæti.

Enn fremur skulu smásöluverzlanir afhenda hlutaðeigandi úthlutunarstjóra í byrjun hvers mánaðar seðla þá, sem afhent hefur verið út á í síðastliðnum mánuði. Seðlana sendir svo úthlutunarstjóri til skömmtunarskrifstofunnar, þegar hann hefur lokið endurtalningu á þeim.

#### 5. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins afhendir veitingahúsum, gistihúsum, sjúkrahúsum o. þ. h. stofnunum innkaupsleyfi fyrir því magni af kaffibæti, sem þeim kann að verða heimilað að nota.

#### 6. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið rannsaka kaffibætisbirgðir framleiðenda og verzlana og hráefnabirgðir framleiðenda.

#### 7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 krónum og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. marz 1944.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 22. febrúar 1944.*

**Björn Ólafsson.**

*Torfi Jóhannsson.*